

16. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

1. desember 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Forföll boðuðu: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Una Hildardóttir (UH) og Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM).

Fundur settur 18:10

Dagskrá:

1. **Fundargerð 15. stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. TI lagði fram tillögu að tilnefningum í stjórn Æskulýðssjóðs. Ákveðið var að tilnefna Söru Þöll Finnbogadóttur og Kolbrúnu Þorfinnsdóttur til vara.
 - b. TI greindi frá að formaður Æskulýðsráðs hafi kallað eftir skriflegum hugmyndum að markmiðasetningu ráðsins fyrir árið 2018. TI var falið að setja upp drög sem verða samþykkt í gegnum samfélagsmiðla.
 - c. Fjallað var um áherslur æskulýðssjóðs og mögulegar breytingar á þeim.
 - d. TI sagði frá stöðu þarfagreiningar.
3. **Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið:** Farið var yfir samninginn og kom stjórn með lítilsháttar tillögur að breytingum.
4. **RSK málið:** SHB greindi frá að hann hafi loksins fengið svar um að LUF muni berast svar við áskoruninni fyrir jól. SHB mun áframsenda svarið á samáskorendur.
5. **Framtíð LSÍ:** TI er að vinna lokaskýrslur verkefnisins til Evrópuráðsins sem þarf að senda fyrir 15. desember. Óskað hefur verið eftir sjálfbodastarfi hjá LUF við að þróa skólann áfram. Var sú beiðni samþykkt.
6. **Lokaskýrsla um innflytjendaverkefni:** TI kynnti drög og þau voru samþykkt.
7. **Alþjóðamál:**
 - a. TI, ÓHH og GAM lögðu fram skýrslu um lýðræðisráðstefnuna í Osló.
 - b. LUF barst fundarboð vegna **Future Meeting on UN Agenda 2030**. TI falið að kanna hvort Ragnheiður vilji taka að sér að vera í starfshópnum.
 - c. Davíð Snær Jónsson formaður SÍF verður fulltrúi LUF á **The Future of Europe - Youth Convention** í Finnlandi í desember.
 - d. TI verður fulltrúi Æskulýðsráðs á UN ECOSOC Youth Forum í lok janúar.
 - e. Ákveðið var að fresta **SDGs fundi** í samstarfi við Allianssi þar til eftir sambandsþing.
8. **Dagsetning 4. fulltrúaráðsfundar: 22. janúar 2018.**
9. **Næsti stjórnarfundur:** Mánudaginn 8. janúar kl. 18.
10. **Starfssamningur** við TI út árið 2018 var tekin til umfjöllunar og undirritaður.
11. **Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:30

TI ritaði fundargerð.